

Garðheimar Gróðurvörur ehf.
Stekkjarbakka 6
109 Reykjavík

Akureyri, 11. maí 2021
UST202102-171/H.Ö.J.
07.07.02

Söluskrár 2020 fyrir notendaleyfisskyldar vörur – Málslok

Vísað er til bréfs dags. 12. febrúar 2021 þar sem Umhverfisstofnun kallaði eftir skrá yfir sölu á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum fyrir árið 2020. Stofnunin hefur nú lokið úrvinnslu á innsendum gögnum.

Um umfang og niðurstöður eftirlitsins, þær kröfur sem gilda um markaðssetningu, kaup og móttöku notendaleyfisskyldra vara vísast til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Af þeim kaupendum að ofangreindum vörum á árinu 2020 reyndust fjórir viðskiptavinir ekki vera með notendaleyfi í gildi eða annað sambærilegt leyfi þegar viðskiptin áttu sér stað. Kom stofnunin þeirri ábendingu á framfæri í eftirlitsskýrslu að fyrirtækið uppfylli skyldur sínar skv. 24. gr. efnalaga nr. 61/2013 hvað þetta varðar. Að framansögðu telst málinu lokið.

Listi yfir einstaklinga sem eru með notendaleyfi í gildi hverju sinni er birtur á heimasíðu Umhverfisstofnunar á slóðinni: <https://ust.is/atvinnulif/efni/notendaleyfi-og-abyrgdarmenn/>

Nánari upplýsingar veitir Helga Ösp Jónsdóttir, sérfræðingur Umhverfisstofnunar, í síma 591-2000.

Virðingarfyllst,

Helga Ösp Jónsdóttir
sérfræðingur

Björn Gunnlaugsson
teymisstjóri